

## Fyrirspurn

til samgönguráðherra um ferjubryggjuna í Flatey.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hefur ráðherra kynnt sér ástand ferjubryggjunnar í Flatey á Breiðafirði?
2. Hversu langur skal viðlegukantur vera til að uppfylla öryggiskröfur sem gerðar eru til ferjuhafna fyrir skip sömu stærðar og Baldur og hversu langur er viðlegukanturinn í Flatey?
3. Hvenær hefst viðgerð á bryggjunni og lenging viðlegukants þannig að ferjuhöfnin uppfylli staðla og standist öryggiskröfur?
4. Stendur hugur ráðherra til þess að þessum verkum verði lokið fyrir sumarið?